Svo tökum við okkur sæti við frjettamennirnir í biósalnum og Pórunn litla fer upp á senuna, sest fyrir framan píanóð og tónarnir úr smálagi eftir Debussy og Impromptu eftir Chopin streyma um salinn, ýmisist hæst og milt eða með ógnarkrafti frá örörönum telpufingrum sem leika yfir nótaborði.

Þá finst mjer, að Pórunn litla hafi ekki aðeins vaxið að likams, vexti heldur hafi hún líka vax-

ing Íslands verði þá ennþá meiri en hún var síðast.

Þess vegna hljóta allir þjóð-hollir Íslendingar fyrst og fremst að vinna af alefli á móti því, að ný styrjöld brjótist út,

En samhlíða því verða þeir að óska þess eða ekki. Síðasta sjá landi og þjóð borgið eftir styrjöld kvað upp sinn ótvíræða dóm um það. Allt, sem friðarvonir skyldu að engu meiri vita um hugsanlega því að óska þess eða ekki.

Háhyrningar spiltu morgunveiðinni

RAUFARHÖFN, þriðjudag: — Góð sildveiði hefur verið hjer að undanförnu, og sjást skipin að veiðum hjeðan.

Í dag er bliðskaparveður. Fyrripart dags í dag var nokk ur veiði, en háhyrningarsváða fór í gegnum sildveiðisvæðið, og spilti veiði meiri fyrir skipunum.

— Einar.

Bjarni Benediktsson:

Leitað eftir nýjum ráðum til varnar landinu eftir að hlutleysið hafði reynst gagnslaust

ATBURÐIR siðari heimsstyrjaldarinnar kenndu Íslendingum, að þeir gátu ekki umflúið staðreyndirnar um hernaðarþýðingu landsins, að hlutleysið var engin vörn og að þeir gátu ekki látið sjer í ljettu rúmi liggja, hvor ofan á yrði í þeim heljarátökum, er þá áttu sjer stað.

Hervarnarsáttmálinn við Bandaríkin sumarið 1941 kvað upp dauðadóminn yfir „hlutleysis“-kenningunni, sem reynst hafði máttvana til verndar landinu.

Íslendingar sáu landi sínu borgið með samningum ið stórveldin og þorðu að velja á milli

Í ræðu minni á Þingvöllum 18. júní 1943 drap jeg á þýðingu hervarnarsamningsins. Jeg sagði þá um samning þenna m. a.:

„Með honum varð gerbreyting á utanríkisstefnu Íslands.

Pangað til höfðu Íslendingar stranglega fylgt því fyrirmæli 19. greinar sambandslaganna, að Ísland lýsti ævarandi hlutleysi sínu. Af þessari stefnu leiddi algert athafnaleysi í utanríkismálum, öðrum en þeim, sem varða verslun og viðskipti. Reglan var sú ein, að bíða og sjá hvað setti

Með hervarnarsamningnum var í fyrsta skipti og á eftirminnilegan hátt horfið frá þessari reglu. Hlutleysisfyrlysingin í 19. gr. sambandslaganna var brotin. E. t. v. ekki þegar í stað, en að því stefnt, þar sem allir bjuggust við, að Bandaríkin mundu áður en lyki lenda í ófriðnum, svo sem brátt varð.

Eigi verður um það deilt, að horfið var frá hinu algera hlutleysi af ríki nauðsyn. En barna er enn eitt dæmi þess, að straumur tímans ber í brott hvert fyrirmæli sambandslaganna af öðru, og að þessu sinni áttu Bretland og Bandaríkin beinan hlut að.

Mikilsverðara er þó hitt, að atburðirnir höfðu kennt Íslendingum, að einangrun beirra var úr sögunni. Þeir urðu að taka upp athafnasemi í utanríkismálum. Sjá landi sínu borg ið með samningum við stórveldin og þora að velja á milli“.

Brynjólfur Bjarnason sagði, að á Íslandi mætti skjóta án miskunnar, að um við stórveldin og þorðu að velja á milli

Óhætt er að fullyrða, að fyrir árið 1940 mundu fáir Íslendingar hafa viljað gera slikan samning við nokkra þjóð. Auðvitað voru menn misjafnlega fljótir að átta sig á hinu breytta viðhorfi, en þó var hervarnarsamningurinn sampykktur með samhljóða atkvæðum allra þingmanna annara en fulltrúa kommúnista á Alþingi.

Kommúnistar ætluðu að útvega Rússum átyllu til íblöndunar um íslensk mál

Brynjólfur Bjarnason gerði á eftirminnilegan hátt grein fyrir afstöðu kommúnista, er hann sagði, að Íslendingar myndu ekki telja það eftir sjer þótt hjér „verði skotið án allrar miskunar“, „ef ráðstafanir Bandaríkjanna yrðu til þess, að veitt yrði virk aðstoð í þeiri baráttu, sem háð er á austur vígstöðvunum“. (Alþingistíðindi 1941, 57. löggjafapíng. síða 45, 5. sbr. 24.—28. lina að ofan).

Á bessari úrslitastundu gat aðalumboðsmaður kommúnista flokksins hjer á landi ekki dulid það, að hann taldi, að hagsmunir Rússia vætu að ráða meira um utanríkisstefnu Íslendinga en hagsmunir Íslendinga sjálfra. Sem betur fer, voru það þó fáir, sem litu þannig á, og nú er það orðið viðurkennt af öllum nema æststu kommúnistum og örfaum sjervitringum, að Íslendingar hafi gert rjett, þegar þeir gerðu hervarnarsamninginn 1941.

Kommúnistar vildu fá ábyrgð Rússá

Um hitt voru allflestir sammála, að þótt hervarnarsamningurinn 1941 væri hagkvæmur úr því, sem komið var, þá var ekki með honum fundin varanleg lausn á vörnum Íslands, ef til síðari ófriðar kæmi.

Um það bil, sem lýðveldið var stofnað 1944, var það að vonum mjög rikt í hugum manna, hvernig tryggt yrði framtíðarövvggi Íslands. Þá var einnig töluvert unnið að því meðal allupp úr þáverandi óvirðingu, vegna setu utanþingsstjórnarinnar sökum ósamlyndisins á Alþingi. Áttu sjer þess vegna um þær mundir stað allitarlegar viðræður á milli flokkanna um möguleika á stofnun þingræðisstjórnar.

Í þeim viðræðum lögðu kommúnistar höfuðaherslu á, með svipuðum hætti og þeir höfðu gert 1941, að fengin yrði viðurkenning Bandaríkjanna, Bretlands og Sovjetlyðveldanna á frelsi, fullveldi og friðheiti Íslands að styrjöldinni lokinni. Áttu þessi riki í sameiningu að taka ábyrgð á, að landið fengi að njóta þessa sjálfstæðis og að ekki vrði gengeti á rjett þess á nokkurn hátt.

Samskonar ábyrgð notuð til undirokunar

Út af fyrir sig hljómaði þetta vel. En ekki þurfti mikla bekkingu á alþjóðamálum til að sjá, að sliðar ábyrgðaryfirlýsingar tiltekinna ríkja eru mjög varuhaverðar.

Sliðar yfirlýsingar hafa oft verið notaðar af þeim ríkjum, er þær gáru, sem skjöl, til þess

að hlutast til um málefni beirra ríkja, sem vernda átti. Eða jafnvel undiroka þau og innlima með öllu.

Albanía, Belaia, Luxembourg, Malta og Kralau fengu öll á sínum tíma hlutleysisábyrgð tiltekinna ríkja. Skömmu eftir, að ábyrgðin var gefin, var Krakau innlimuð af einu þeirra ríkja, sem ávrgst hafði hlutleysi þess. Malta er þrátt fyrir hlutleysisábyrgðina, fyrir löngu orðin hluti af breska heimsveldinu. Ítalía rjeðist á Albaníu þrátt fyrir hlutleysis- og vinattusamninga. Þýskaland rjeðist að ósekju á Belgíu og Luxembourg þrátt fyrir ábyrgðsína á hlutleysi þeirra.

Meðferð Rússá á baltnesku þjóðunum

Fram eftir ári 1939 reyndu Bretar og Frakkar að semja við Rússia um, að halda Þjóðverjum í skefjum. Rússar tóku þessu liklega, en settu það skilyrði, að hlutleysi Eistlands, Lettlands og Lithauens yrði tryggt eða gert raunverulegt. Þetta átti að gerast með ábyrgð Rússlands, Englands og Frakklands.

Samkomulag náðist ekki um þetta vegna þess, að þjóðirnar brjár, sem sagt var að tryggja ætti, óttuðust, að þá tryggingu ætti að nota sem yfirvarp fyrir eina ábyrgðarþjóðina til að her-taka lönd þeirra. Eftir að Rússar höfðu samið við Þjóðverja 23. ágúst 1939, kúguðu þeir þessar þriár þjóðir bessar þessar þriár þjóðir til að láta sig fá herstöðvar í löndum þeirra. Var það gert undir því yfirvarpi, að annars væri yfirvorandi, að Engleiningar og Frakkar bræti á þeim hlutleysi þeirra, með því í upphafi ófriðarins að ryðjast inn um dönsku sundin og siðla eftir endilöngu Evstrasalti. Þar sem Þjóðverjar bá höfðu öll ráð. Herstöðvarnar notuðu Rússar síðan til þess að svíta biðir bessar sjálfstæði og innlima þær og lönd þeirra í Rússland.

Fyrir þá sem vildu læra af revnslu annara og forðast ágensemi yfirlangsgsáma stórvelda var þess vegna ekki gírnill. Að sækjast eftir sliðri ábyrgðaryfirlýsingar, sem kommúnistar óskuðu eftir. Það mál datt því niður.

Kommúnistar vildu, að Ísland segði örðum ríkjum strið á hendur

Kommúnistar fengu ekki óskum sinum um þetta fullnægt, hvorki í sambandi við lýðveldisstofnunina 1944, nái þingræðistjórnarmyndunina í október sama ár. Var þeim mun hægara að vísa þessum kröfum á bug, sem vitað var, að um þess

ar mundir var hafinn undirbuningur alþjóðasamtaka, sem skyldi tryggja heimsfriðinn að styrjöldinni lokinni.

Snemma árs 1945 fengu Íslendingar vitneskju um, að þeir væru velkomrir í þessi fyrirhuguðu samtök. Það skilyrði var þó sett, að Íslendingar yrði að lýsa yfir ófriði á hendur Þýskalandi eða Japan, til þess að geta orðið stofnandi samtakanna. Mál þetta var mikil rætt á meðal þingmanna, bæði á floksfundum og lokuðum þingmannafundum.

Það leyndi sjer ekki, að kommúnistar voru því mjög fylgjandi, að Íslendingar segðu þessum tveim stórveldum, sem þá var mjög tekið að hallast fyrir, strið á hendur, eða a. m. k. viðurkenndu, að Ísland væri í striði við þau“. Sóttu kommúnistar það af ofurkappi, að þessi háttur væri á hafður og lögðu mikla fæð á þá, sem þeir töldu því andviga.

Meginhluti þingmanna vildi þó ekki ljá þessu liðsyrði. Sögðu flestir sem satt var, að Íslendingar hvorki gæti sagt örðum þjóðum strið á hendur nje háð styrjöld, en hefðu þegar stutt málstað bandamanna eftir því, sem þeir hefðu haft fóng til.

Kommúnistar vildu íhlutun Rússá um íslensk mál

Þeim, sem höfðu viljað knýja Ísland til striðspáttöku, höttu þessi svör að vonum eigi fullnægjandi, og var Íslandi þess vegna ekki boðið að vera meðal stofnenda bandalags Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar höfðu af því hvorki tjón nje miska, bött þeir vrðu eiði stofnendur þess banda lags. Hitt duldist engum, að annað lá að baki ákefðar kommúnistum um striðsyfirlýsinguna en uppi var látið. Kom þá mórg um til hugar, að með henni hefði átt að fá Rússum samskonar átvillu til íhlutunar um Íslandsmál eins og æðlað hafði verið með ábyrgðaryfirlýsingunni, sem kommúnistar vildu knýja fram 1941 og 1944.

Nýr norskur sendikennari

Kom á Snorraháliðina 1947 og dvaldist hjer um skeið

HINN 8. þ. m. kom hingað til lands norskur sendikennari ásamt konu sinni. Heitir hann Hallvard Magerøy, cand. philol. Það er alltaf gleðiefni okkur Íslendingum, að fá áhugasaman menntamann að æðstu menntastofnun þjóðarinnar til að veita okkur fræðslu og þekkingu á máli þjóðar sinnar og menningu. Ekki sakar heldur, að hjer er fulltrúi frændþjóðar á ferðinni.



Hallvard Magerøy.

við hlið, bött bili ómilli þeirra mjókki stöðugt, svo að búast má við, að það hverfi með öllu áður en langt um líður, og eru margir því fylgjandi, að svo megi verða.

Bókmálið (ríkismálið) er nú kenslumálið í öllum bæjum landsins svo og í mestum hluta Austur-Noregs og Finnmark og Prændalögum. Annars staðar til sveita er nýnorskan ríkjandi, og má gera ráð fyrir, að ¼ barnanna nemi á því máli. Þeim er þó kent að lesa hvort tveggja málið. Í gagnfræða- og mentaskólum, er kent að skrifa þau bæði. En sem sagt, það er almenn skoðun, að málin eigi að renna saman, svo að ritmáli verði aðeins eitt.

Íslendingasögurnar í Noregi.

Um 1870 var stofnud í Noregi merk bókaútgáfa, Norske Samlaget. Á vegum þesarar útgáfu er Ljósverningasaga að koma út um þessar mundir.

Hallvard Magerøy hefur snúið henni á nýnorsku.

Ætlunin er, að allar Íslendingasögurnar komi út á vegum

Friða blaðs.

Bjarni Benediktsson:

Utanríkismál 7

Samningurinn um Keflavíkurflugvöll haustið 1946 var Íslendingum hagkvæmur

Án hans var óvist, hvenær Bandaríkin væri skyldug að flytja herafla sinn frá Íslandi

Óvenjuleg aðferð

En aðferðin við samningsgerðina var óvenjuleg og ákvörðunum hann þurfti að taka svo skýndilega, að mjög skammur tilmi var til stefnu.

Hermann Jónasson, þáverandi forsetisráðherra, gerði samninginn án vitundar utanríkismálanefndar og alþingismanna, en einungis með samþykti ríkisstjórnarinnar og þeirra manna, er sjerstaklega voru kallaðir til.

Samningurinn var ekki lagður fyrir Alþingi fyrr en her Bandaríkjanna var kominn hingað og aldrei var hann ræddur í utanríkismálanefnd.

Þeir, sem samninginn undirbjuggu og fjölluðu um hann, athuguðu að visu öll málatsatriði svo vel sem þeir máttu. En það liggur í hlutarins eðli, að þeir gátu þá eigi á örskammri stundu sjeð fyrir öll tilvik og þessvegna var sumt í samningnum óljósara en skyldi.

Óljós ákvæði hervarnarsamningsins

Menn gerðu þá ráð fyrir, að ófriðnum lyki með friðarsamningum skömmu eftir að bardagar hættu. Svo hafði verið í þeim styrjöldum, er menn höfðu í huga, og rendi þá ekki grun í, að annar háttur yrði hafður að afloknum þessum ófriði.

En á daginn kom, að friðarsamningum var frestað, og hafa sumir jafnvel talað um, að sá frestur mundi standa um áratugi. Vist er, að enn er naum ast byrjað á undirbúningi friðarsamninga við Þýskaland og Japan.

Í hervarnarsamningnum var sagt, að Bandaríkin skyldu fara brott af landinu með herafla sinn að ófriðnum loknum. Þetta mátti skilja á two vegu. Íslendingar töldu að miða bæri við sjálf vopnaviðskiftin, en Bandaríkjunnar bentu á, að ófriðnum væri ekki lokið fyrr en friðarsamningar væri gerðir.

Rússar tryggja aðflutningaleiðir sínar

Svipuð spurning hefur vaknað í Austur-Evrópu, þar sem Rússar hafa heri í þeim löndum, sem flutningaleiðir þeirra til Austuríkis og Þýskalandi lýkur og friðarsamningar eru undirritaðir.

Óvist var með öllu, hvernig því mundi lykta, ef Íslendingar hefðu af þessum sökum hafið kærur á hendur Bandaríkjunnar í mun meiri hættu en ef

verða til að draga landið enn frekar en áður inn í deilur stórveldanna. Var því ólikt skynsamlegra og betur í samræmi við hagsmuni Íslands að leiða benna ágreining til lykta með friðsamlegu samkomulagi, heldur en að láta hann verða til varanlegs fjandskapar.

Óskinni um herstöðvar var eytt

En þeim mun mikilsverðara var það fyrir Ísland, að ljúka þessu málí sem fyrst, þar sem Bandaríkin höfðu farið þess á leit, að fá hjer langæar herstöðvar.

Þó að Íslendingar synjuðu þeirri málaleitun eindregið, var þess eigi að dyljast, að mörg ríki voldugri en Ísland höfðu orðið að þola slíkar búsfirjar af sterkti nágrönnum. Mega það heita einsdæmi, að stórveldi uni því, að þessháttar málaleitun þess sje höfð að engu og noti sjer a. m. k. ekki ítrasta formlegan rjett til dvalar á þeim stöðvum, er það alveg nýlega hefur óskað að fá til mjög langstíma. Af þeim sökum var mjög mikilsvert, að sem fyrst fengist úr því skorið, að slíkar ráðagerðir væru úr sögunni, og ákvæðin tímamörk væri sett fyrir dvöl erlends herliðs í landinu.

Samhlíða því, sem sjálf sagt var, að vísa á bug kröfum um erlendar herstöðvar og alla þá ihlutun, er skert gæti sjálfstæði landsins og fullveldi, var hitt einsætt, að Íslendingar urðu, sem aðrar þjóðir, að taka sanngjarnit tillit til rjettmætra óska og þarfa annara, svo sem löngu er viðurkennt í skiptum allra síðaðra þjóða.

Þýðing Keflavíkurflugvallar

Nú stendur svo á, að Ísland er mikilsverður áfangi á flugleiðinni yfir norðanvert Atlans haf. Kemur öllum saman um, að hagkvæmast sje að láta ýmsar tegundir flugflutninga fara yfir Ísland. Hitt er og óumdeil-anlegt, að öryggi allra flugferða á þessum leiðum verður miklum mun meira, ef fullkominn flugvöllur er á Íslandi, svo að þar megi lenda í neyðartilfellum.

Óumdeilanlegt er, að mjög aukin hætta er færð yfir Ísland, ef aðeins einn milli/anda-flugvöllur er starfræktur hjer á landi og hann inni í sjálfri höfuðborginni. Ef til ófriðar kæmi, mundi slíkt óumflýjan-lega stofna íbúum höfuðstaðarins í muh meiri hættu en ef

astur er til lendinga i milli-landaflugi, er annarsstaðar á landinu en inni í miðri höfuðborginni.

Á striðsárunum byggðu Eng-lendingar Reykjavíkurflugvöll en Bandaríkjunnar Keflavíkurflugvöll. Reykjavíkurflugvöllur liggur mun betur við en hinn til fullnægingar þörfum Íslendinga og rekstur hans er viðráðanlegur fyrir íslenska ríkis.

Íslendingar þurfa hinsvegar ekki sjálfir mikið að halda á Keflavíkurflugvelli, og umbætur á honum, rekstur og viðhald fer langt fram úr fjárhagsettu íslenska ríkisins.

Alþingi samþykkir samninginn

Allar þessar staðreyndir og ýmsar aðrar leiddu til þess, að Íslendingar töldu rjett að semja um tímabundin og takmörkuð rjettindi Bandaríkjastjórnar til afnota af Keflavíkurflugvelli, gegn því, að Bandaríkjunnar fær strax brott af landinu með herafla sinn.

Þegar málið var lagt fyrir Alþingi haustið 1946 var meiri hluti þingmanna því sammála, að samið skyldi um Keflavíkurflugvöllin á þenna veg. Allir Sjálfstæðismenn, tærur helmingur Framsóknarmanna og fyrrv. formaður Framsóknar, Jónas Jónasson, voru samningnum samþykkir. Allir kommunistar, rúmur helmingur Framsóknar með núverandi formann flokksins, Hermann Jónasson, í broddi fylkingar, og tveir Alþýðuflokkmenn voru samningnum andvígir. Einn Alþýðuflokksmaður sat hjá.

Andstöðumennirnir játa, að á Keflavíkurflugvelli er engin herstöð

Þegar samningurinn var gerður var það helst haft á móti honum, að samkv. honum yrði Keflavíkurflugvöllurinn dulbúin herstöð. Öll þau hundruð Íslendinga, sem þar hafa unnið, og þær ótoldu þúsundir, sem

völlinn hafa skoðað, hafa sannfærst um það með eigin augum, að á vellinum eru engin hervirkir. Völlurinn er friðsamleg flugstöð á fjölfarinni samgönguleið og þar dvelja hvorki hermann nje eru þar geymdu-nar neinskonar vígvjelar.

Ýmsir helstu andófsmenn samningsins, sem stóðu að stúdentafundi 2. janúar 1949, neyddust og til þess að viðurkenna þessa staðreynd, þar sem samþykkt þeirra játar, að Íslendingar hafi aldrei veitt erlendinum herstöðvar hjer á friðartínum.

Aðalatriðin unnust

Í stað herstöðva-grýlunnar fjargviðrast sumir nú mjög yfir ákvæðunum um skatta- og tollagreiðslur Bandaríkjunnar þar syðra, svartamarkaði, er þar eigi sjer stað, og ýmsum ágöllum, er fram koma i sam búðinni við þá erlendu menn, sem þar dvelja.

Um flesta samninga er það svo, að hvorugur samningsaðili fær öllum sínum óskum fullnægt. Með þessum samningi unnu Íslendingar tvennt, sem miklu málí skiftir:

Bandaríkjunnar fór strax brott af landinu með allan herafla sinn, miklu fyrir en þeir töldu samningsskyldu sina til.

Bandaríkjunnar fjellu þar með friðsamlega og í fullri vinsemð frá kröfum sínum um langæar herstöðvar hjer á landi.

Gegn þessu heimiluðu Íslendingar Bandaríkjunnar tiltekin afnot Keflavíkurflugvallar en geta þó einhliða sagt þeim upp, svo að þau verði úr sögunni eftir 6½ ár frá því að samningurinn var gerður. Auðvitað hefðu Íslendingar ákvæðið þau afnot með öðrum hætti að ýmsu leyti, ef þeir hefðu ræðst einir við. Í þessu sambandi er þó á það að líta, að rík nauðsyn var og er á að sjá fyrir rekstri vallarins og það er Íslendingum fárhagsslega um megn að gera það án stuðnings annarsstaðar frá.

Þegar allt þetta er athugað, verða skatta- og tollaákvæðin auka-atriði, enda á það að líta, að Bandaríkjunnar greiða Íslendingum einum, er vinna á vellinum, mun meira í laun en öllum tekjum þeirra af vellinum nemur, að þeir hafa varið stórfje til umbóta og nýrra bygginga á vellinum og að allt betta, þar á meðal hin nýja clæsilega flugstöð, verður eign Íslendinga að samningstímanum liðnum.

Úr ágöllum ber að bæta

Sumir reyna að breiða út, að íslensk lög gildi ekki á Keflavíkurflugvelli og Bandaríkjunnar hljóti ekki refsingar fyrir lögþrótt sín þar að íslenskum lögum. Allt er þetta tilhæflu-laust, enda hafa ýmsir Bandaríkjunnar verið dæmdir bar fyrir brot á íslenskum lögum og er með mál þeirra farið á alveg sama veg og annara manna hjer á landi. En auðvitað verður að taka tillit til þeirra sjerákvæða, sem hafa verið sett, sérlega um innflutning, skalta og tolta.

Par sem svo stendur á, og á

Keflavíkurflugvelli er aldrei hægt að forðast með öllu smyg, gjaldeyrisbrask og svartamarkað; alveg hið sama á sjer t. d. stað i flestum höfnum hjer á landi og annarsstaðar, bæði hjá útlendum mönnum og innlendum. En íslensk yfirvöld hafa gert allt, sem í þeirra valdi stendur, til að koma í veg fyrir þetta og hafa fulltrúar Bandaríkjastjórnar hjer á landi veitt til þess allan þann atbeina, er þeir mega, varðandi Keflavíkurflugvöll. Þeim, er hafa frammi söguburð um þetta, væri og ólikt nær að segja yfirvöldunum frá ákvæðum dænum, er þeir hljóta að byggja á söguburð sinn, en að vera með almennt skraf, sem enga stoð veitir.

Góðvildin heilladrýgst

Alkunnugt er, að þegar menn af óliku þjóðerni dvelja saman um hrið, verður oft hætt við ýmiskonar erfiðleikum í samþúð, krit og misskilningi. Svo fer jafnvel, þótt allir tali sama mál, eins og t. d. Bretar og Bandaríkjunnar, hvað þá ef tungumálin eru ólik.

Illviljaðir menn reyna að sjálf sögðu að auka á þessa erfiðleika, begar þeir birtast á Keflavíkurflugvelli. Hafa þeir þá stundum hlaupið hrápalega á sig, svo sem sannaðist um klámmýndasöguburð kommúnist. En auðvitað láta slikir menn sjer ekki segjast, þótt þeir sjeu staðnir að óheilindum, heldur magna einungis áróður sinn.

Góðvilaðir menn reyna aftur á móti að bæta úr ágöllum um og læra af því, sem miður fer, til að koma í veg fyrir, að það endurtaki sig.

Mátturinn ekki láttinn ráða

Hvað sem minni hættar atriðum liður er óhætt að fullyrða, að Keflavíkurflugvallarsamningurinn var í heild Íslendingum mjög hagkvæmur.

Er áreiðanlega erfitt að nefna mörg dæmi þess, að deila, sem upp var komin um þýðingar-mikil mál milli mesta stórveldis heimsins og hins minsta smá-ríkis hafi leyst svo smáríkinu í hag, sem gert var með samningum þessum milli Bandaríkjanna og Íslands haustið 1946.

Ástæðan til þess var sú, að bar hjeldu á af beggja hálfu góðvilaðir menn, sem litu á beggja nauðsyn og ljetu sannirnina ráða meira en máttinn

Slæm uppskera í Svíþjóð

STOKKHÓLMUR, 23. sept.: — Talið er, að kornuppskeran í Svíþjóð í ár muni nema 980 búsund smálestir, eða 100 þús. smálestum minna en meðaltals-uppskeru síðastliðin 10 ár. — Uppskeran aðeins kornuppskeran í Svíþjóð, karlum, kattfóum og sykurrofum verður minni en í fyrra. — NTB.

Bjarni Benediktsson:

Aðdragandi Atlantshafs-sáttmálans

EF STÖRF bandalags Sameinuðu þjóðanna hefðu tekist svo sem vonir stóðu til, myndi friði og öryggi í heiminum hafa verið borgið um ófyrirsjáanlega framtíð.

En þetta hefir farið á alt annan veg. Öll störf Sameinuðu þjóðanna hafa mjög lamast af ósamlyndi stórveldanna. Þessa hefir mjög gætt á allsherjarþingum bandalagsins. — Þau hafa meira og meira snúist upp í áróður og umræðufundi, en ekki heppnast að afgreiða þau efni, er mestu málí skipti.

Máttleysi öryggisráðsins

Hefir á þingunum glögglega komið fram klofningur, annars vegar milli Rússlands og lepprikja þess bak við járnþjaldi, og hinsvegar flestra eða allra annara ríkja. Mundi þó sök sér um ágreininginn á allsherjarþingunum, ef hans gætti ekki einnig í öllum öðrum stofnum Sameinuðu þjóðanna og þar með öryggisráðinu.

Á allsherjarþingunum ræður afl atkvæða, enda hafa þau þing ekki úrslitaákvörðunarvald í hinum þýðingarmestumálum, heldur aðeins tillögulega ábendingarjett. Allar hin ar þýðingarmeiri ákværðanir ber að taka i öryggisráðinu, en þar verður lögleg samþykkt ekki ger, ef eithvert stórveldanna greiðir atkvæði á móti. Hefir þetta orðið til þess að lama og gera starfsemi öryggisráðsins lítilsvirði.

Rússland eitt hefir beitt neit unarvaldi sínu í 30—40 málum og þar með hindrað löglega ákvörðun og þá helst, begar hennar hefir mest verið þörf.

Eitt af helstu verkefnum öryggisráðsins er gæsla friðarins og þar með beiting þess valds, er Sameinuðu þjóðirnar hafa sem hernaðarbandalag.

En reynslan hefir fært ríkjunum heim sanninn um, að þau geta ekki átt öryggi sitt undir svo máttlausri stofnun sem öryggisráðinu eða bandalagi Sameinuðu þjóðanna yfirleitt.

Kommúnistar undiroka Tjekkóslóvakíu

Ótti hinna friðsömu þjóða jökkst mjög, þegar kommúnistar hrifsuðu til sín völdin í Tjekkóslóvakíu. Allir vissu, að þær voru utanaðkomandi öfl að verki. Kommúnistar óttuðust úrslit þingkosninga og vildu þess vegna koma í veg fyrir þær. Þess vegna fengu þeir styrk utan að til að knýja forseta landsins, Benes, og ríkisstjórnina, til að afsala kommúnistum öll völd i hendur.

Það fór ekki leynt, að hjer var um nauðungarverk að ræða. Enda sagði Benes að sjer áður en hann átti að undirrita hina nýju stjórnarskrá. En vinur hans Mazaryk var annað hvort myrtur eða framdi sjálfsmorð. vegna þess að hann vildi ekki ganga kommúnistum á hönd.

Prátt fyrir það þótt engum dyldist, hvað hjer var að ger-

Utanríkismál 8

Ágætt hjeraðsmót Sjálfstæðismanna í Stykkishólmi

Engir áttu meira í húfi en Íslendingar

ast, gátu Sameinuðu þjóðirnar, allsherjarþing eða öryggisráð, ekkert að gert. Völd Rússa innan þessara stofnana voru svo mikil, að þeir gátu fyrirsjáanlega komið i veg fyrir allar samþykktir, er nokkra þýðingu hefði í þessum efnum.

Ótti hinna friðsömu lýðræðisþjóða

Þegar hinna friðsömu lýðræðisþjóðir í Vestur-Evrópu sáu þetta og hugleiddu, að Kom inform kynti stöðugt undir innarás kommúnista í Grikkland, sannfærðust menn um, að nýrra úrræða væri þörf.

Smárikin þjú, sem nú eru kölluð Benelux, p.e.a.s. Belgía Holland og Luxembourg, leitudo þessvegna samninga við Frakkland og England um varnarbandalag.

Áður fyrri höfðu þessi litlu ríki treyst á hlutleysið. Fyrir heimsstyrjöldina höfðu meira að segja Belgia og Luxembourg haft hlutleysistryggingu stórveldanna, svipaða og íslenskir kommúnistar hafa viljat að útvega Íslandi. En hlutleysi þeirra var rofið strax og á reyndi 1914. Friðarvilji þessara þriggja ríkja var samt svo mikill, að á milli heimsstyrjöldanna vildu þau alls ekki blanda sjer í deilur stórveldanna og hjeldu fast við strang asta hlutleysi fram í maí 1940, þangað til að þau var ráðist af Þjóðverjum.

Eyðilegging borga og mannvirkja og undirokun landanna um margra ára bil, kennið þjóðum þessum, að ekki tjáði að treysta á hlutleysisdrauminn.

Þess vegna höfðu einmitt bessi þjú ríki forgöngu um stofnun varnarbandalags Vestur-Evrópuríkjanna.

Forysta Noregs meðal Norðurlandanna

Samhliða þessu hreyfðu Kanadamenn því, að Atlantshafsrikin, p.e.a.s., löndin við norðanvert Atlantshaf, ættu að stofna til varnarbandalags sín á milli innan ramma sáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo sem heimilað er í 51. grein bandalagsáttmálans.

Tillaga þessi fjekk góðar undirtektir í Bandaríkjum og hjá þeim ríkjum, er þegar höfðu bundist samtökum um stofnun varnarbandalags Vestur-Evrópu. Umræður um stofnun Norður-Atlantshafsbandalagsins hófust upp úr þessu.

Af Norðurlandaríkjum höfðu Norðmenn forstu um þátttöku í bandalaginu. Þær höfðu þeir orðið verst úti í

síðasta striði, sýnt mestan kjark og frelsisást en vildu forðast svipaðar hörmungar án y.

Svo sem menn vita urðu bandalagsríkin að lokum 12. p.e.a.s. Beneluxlöndin þjú, Frakkland og England, Kanada, Bandaríkin, Ítalía, Portugal, Noregur, Danmörk og Ísland.

Engum brýnni nauðsyn en Íslandi

Öll þau ríki, sem gerðust að illar bandalagsins, tóku þá ákvörðun af brýnni nauðsyn. — Ekkert þeirra átti þó meira undir að friður hjeldist á þessum slóðum en Ísland. Hernaðarbýing Íslands er ótvírað, og landsmenn sjálfir eru með öllu ófærir til að verja landið. Ef ekki var að gert, lá landið því opioð fyrir áras, ef til striðs kæmi.

Freistaing árásarþjóðar til að hremma landið hlýtur að verða því meiri sem síður eru likur til að landið verði varið, ef á reynir.

Fáir eða engir treystu sjer til að neita hernaðarbýingu landsins, og flestir játuðu, að landið hlyti að dragast inn í ófrið, ef meiriháttar styrjöld brytist út á ný. En því var haldir fram, að svo mikil aðrei í húfi og afleiðingar svo óvissar, að betra væri að hafast ekkert að og treysta forsjóninni, heldur en að reyna að ráða fram úr málunum sjálfur.

Afskiptaleysi hlaut að auka hættuna

Með þessu var auðsjáanlega mjög aukin hætta færð yfir landið. Ef árásarþjóð hefði farið á að hremma Ísland og búi um sig í skyndi í upphafi styrjaldar, án þess að að væri gert, hlyti slikt að auka freistingu æfintýramanna til ófriðar. Hin styrka aðstaða, sem þeim skapaðist, með að geta notað Ísland sem skammbýssu eða rýting, er otað væri gegn Bretlandi og Bandaríkjum, var svo mikilsverð, að þeir mundu leggja mikil í sölurnar til að ná henni.

Afskiptaleysi Íslendinga um þessi mál gat þess vegna beinlinis leitt til þess, að auka hættu á allsherjarþriði, sem ekki mundi síður bitna á þeim heldur en öðrum. Jafnframt var að því stefnt, að sögn eins af hlutleysispostulunum, sýrja Sigurbjörns Einarssonar, að helmingur landsmanna mundi missa lifið í þeim átökum, er verða mundu um landið, ef á þerinn regið hefði verið fólk sofandi að feigðarósi.

Mikill áhugi fyrir kosningu Sigurðar Ágústssonar

HJERAÐSMÓT Sjálfstæðismanna, sem halddið var í Stykkishólmi s.l. sunnudag var afar fjölsótt viðsvegar úr sýslunni. Var þetta annað hjeraðsmót Sjálfstæðismanna í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á þessu sumri, en hið fyrra var halddi að Hofgörðum í júlí-mánuði — og var einnig afar fjölsótt.

Sigurður Ágústsson setti móti id með stuttri ræðu. Bauð hann menn velkomna til mótsins um leið og minntist á kosningabaráttuna, sem fyrir dyrum stæði.

Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokkssins tók næst til móls. Flutti hann ýtarlega ræðu um stjórnmalástandið í landinu. Rakti afstöðu Sjálfstæðisflokkssins til annarra flokka og afleiðingarnar af samstarfi við þá. Þá vjek hann að óheilindum og ráðþrotum Framsóknarflokksins. Loks lýsti hann höfuðatríðum í stefnu Sjálfstæðisflokkssins.

Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri tók næstur til móls. — Gerði hann grein fyrir framkvæmdum í hjeraðsmálum og meðferð þeirra á þingi síðustu árin. Lýsti hann því, að ástæðan fyrir því að hann hefði ákveðið á sinum tíma að vera ekki áfram í kjöri í sýslunni, væri ekki sú, að hann gæti ekki unnið jafnt fyrir Reykjavík sem borgarstjóri og fyrir sveitirnar sem þingmaður, því að það væri stefna Sjálfstæðisflokkssins að samtvinnu hagsmuni kaupstaða og sveita. — Hins vegar hefði hann ekki treystt sjer til að samræma hinna miklu annir borgarstjóraembættisins við mikla umsýslu fyrir annað kjördæmi.

Töldu báðir ræðumenn mikil happ fyrir Snæfellinga að fá nú fyrir þingmannsefni einn af mestu athafnamönnum landsins, mann, sem stæði í blómálfisins með fulla starfsorku, en hefði óvanalega mikla reynslu á öllu atvinnu- og fjárhagslifi þjóðarinnar og langa og staðgóða þekkingu á lifsbaráttu og þörfum þess fólk, sem hann nú ætlaði að taka að sjer umboð fyrir á Alþingi.

Var ræðum þeirra Ólafs og Gunnars ágætlega tekið

Að ræðunum loknum fóru fram ágæt skemmtiatriði. Þeir fjalgarir Ólafur Magnússon og Hermann Guðmundsson sungu einsöngva og tvísöngva og fórst það með ágætum vel. Þá sungu þjár ungar stúlkur úr Stykkishólmi með gítar-undirleik. Loks fór Árni Helgason í Stykkishólmi með nokkrar gamanvisur eftir sjálfan sig. Hafði talist svo til, að þetta væri í hundraðasta skipti, sem hann lagði sinn skerf til að skemmta á samkomum í sýslunni með kímnin sinni.

Ollum skemmtiatriðum var að flytja varð hana í Landsspítalann. Um hve mikil konur vel tekið, og komu einkar vel í ljós þær miklu vinsældir, sem Árni Helgason nýtur, enda er hann löngu kunnur sem vitund.

Billinn, sem ók á konuna, er R-1066. — Hann hafði fyrri um daginn, um kl. 3,30 lent í Eftir skemmtiatriðin flutti árekstri og þá brotnaði önnur Ann Ketilbjörnarsen stakkt á gangtibins, svo henni var að varp og þakkaði Gunnari Thor-

odden vel unnin störf í þágu kjördæmisins um leið og hann árnaði Sigurði Ágústssyni heilla í kosningabaráttunni.

Þessu næst sleit Sigurður Ágústsson mótinu, þakkaði öllum, sem lagt hefðu lið sitt til þess að gera þetta móti hið ánægjulegasta og beindi sjerstöku þakklæti til aðkomumann anna.

Síðar um kvöldið var svo dansað og þótti mótið í alla staði hafa farið hið besta fram.

Norðlenskur gangna maður villist suður á Hveravelli

SÍÐASTL. föstudagsmorgun var manns frá Bjarnastöðum í Vatnsdal saknað úr göngum í Grímstunguhéði. Hófu fjalgar hans þegar leit að manninum, en sú leit bar ekki árangur. — Næsta dag var mannsins enn leitað og var Slysavarnafjelagið beðið að láta leita með flugvél. Var það gert, en sú leit bar heldur ekki árangur. Samkvöld hitti tveir leitarmannana, að norðan, hinn saknaða mann. Hafði hann villst alla leið suður undir Hveravelli og legið um nöttina í sæluhúsi við Kúlu kvísl. Þar tók hann þá ákvörðun að snúa við og var kominn langleiðina norður, er hann hitti leitarmennina eins og fyr segir.

Slysavarnafjelagið vil eingreiði mælast til þess, að gangnamenn og aðra, sem um óbyggðirnar ferðast, hafi jafnan áttavita meðferðis, svo beir fái sjeð, í hvaða átt þeir halda.

Slys verður á Suðurlandsbraut

Á SUNNUÐAGSKVÖLD vildi það slys til að kona varð fyrir bíl og slasaðist.

Þetta gerðist inn á Suðurlandsbraut. Konan, sem heitir Þjóðbjörg Jónsdóttir, Hrauni við Kringlumýrarveg, hafði farið úr strætisvagninum á viðkomustaðnum sem er á móts við bensínafgreiðslu Shell við Suðurlandsbraut. Hún ætlaði að ganga yfir götuna, en í því kom billinn og varð konan fyrir honum, með þeim afleiðingum,

græskulausasti en skemmtilegasti gamanvisnahöfundur landsins. Billinn, sem ók á konuna, er R-1066. — Hann hafði fyrri um daginn, um kl. 3,30 lent í Eftir skemmtiatriðin flutti árekstri og þá brotnaði önnur Ann Ketilbjörnarsen stakkt á gangtibins, svo henni var að varp og þakkaði Gunnari Thor-

eins með eitt ljós er slysið varð.

Bjarni Benediktsson:

Málstaður Íslands eða hins alþjóðlega kommúnisma

EFTIR atvikum öllum geta íslendingar ekki kosið sjer meira nje hagkvæmara öryggi gegn áras en það, að áras á Ísland verði skoðuð sem áras á önnur voldug, vinsamleg og frið elskandi nágrannaríki. Þessu var náð með þáttöku Íslands í Atlantshafssbandalaginu.

Lítilmannleg afstaða

Sumir segja, að nágrannaríki Íslands mundu koma Íslandi til hjálpar, ef áras yrði gerð á það, þótt íslendingar hefðu ekki gerst aðilar þessa samnings. Um það getur auðvitað enginn sagt, fyrr en á hefði reynt.

Slikt hefði algjörlega verið háð stjórnálaástandi í heimnum, þegar og ef slík áras yrði gerð. Öryggi fyrir vörnum fæst ekki nema með aðild að þvílikum samningi, sem hjer um ræðir.

En sannarlega er það ekki mikilmannlegt að treysta á slika hjálp annara en þora þó ekki að verða aðili sliks samnings við þá, sem hjálpina eiga að veita, ef illa fer. — Sá, sem þvíliku lítilmennsku sýnir, er sannarlega ekki hjálparverður.

Íslenskir hagsmunir verða að ráða

Á því er og meginmunur, hvort Íslandi er komið til hjálpar eftir fyrirfram gerðum samkomulagi og ráðagerðum, sem íslendingar eru sjálfir aðilar að, og gerðar eru með þeirra hagsmuni fyrir augum, eða hvort barist verður um landið án tillits til hagsmuna landsmanna.

Árásarríki, sem nú ætlað að hremma Ísland, hefir ekki þá afsökun fyrir gerðum sínum, að það viti ekki hvað við liggar, ef slíkt niðingsverk yrði fram. Íslendingar mega og treysta því, að þegar samningurinn er kominn í framkvæmd, þá verða samdar áætlunar um hvortveggja:

1. Hvernig eigi að koma Íslandi til hjálpar þegar í stað, ef á það verður ráðist.

2. Hverjar ráðstafanir þurfi að gera til að koma í veg fyrir áras á Ísland og hertöku landsins ef ófriður er yfirvofandi, og er það enn mikilsverðara en hið fyrtalda.

Kommúnistar vilja fórnar Íslandi

Afstaða kommúnista í þessum efnunum er skiljanleg. Helsta áhugamál þeirra er að greiða fyrir framgangi og sigri hins alþjóðlega kommúnisma. Eins og aðrir ofsatruarmenn eru þeir fúsir til að fórnar miklu eða öllu fyrir framgang hugsjónar sinnar. Hið mesta, sem íslenskir kommúnistar geta lagt fram í baráttunni fyrir hinn alþjóðlega kommúnisma er það að fórnar sínu eigin landi. Þessa fórn vilja þeir fára.

Utanríkismál 10

Á milli þessa tvenns átti ekki að vera erfitt að velja

Þeir vita, að ef Ísland liggur ópið og óvarið án nokkurra trygginga og öryggis, þá er opnuð leið fyrir það árásarríki, sem beitir sjer fyrir sigri kommúnismans, að hremma Ísland á örskammri standu.

Slikt mundi að vísu væntan lega leiða til þess að reynt yrði að hrekja árásarmennina burtu. Það mundi verða barist um Ísland. Það yrði „skotið án miskunar“, eins og Brynjólfur Bjarnason sagði 1941. — En kommúnistar horfa ekki í það, aðeins ef það kemur Rússum að gagni.

Kommúnistar vilja dylja fyrirætlanir sínar

Það er ekki líklegt, að margir íslendingar aðhyllist þessa kenningu, ef þeir gera sjer ljóst, hvers eðlis hún er. Þess vegna reyna kommúnistar með öllum ráðum að dylja hana.

Þess vegna neitar Brynjólfur Bjarnason nū ummælum sínum frá 1941. Þess vegna neitar hann og aðrir kommúnistar stríðsvilja sínum frá 1945. Þess vegna neita kommúnistar því, að þeir hafi verið með því, að ganga í hernaðarbandalag, þegar þeir ólmir vildu gerast aðilar að bandalagi Sameinuðu þjóðanna 1946. Þannig mætti lengi telja hvernig kommúnistar reyna nú að villa um fyrir mönnum og dylja stefnu sína, vegna þess að þeir vilja ekki láta almenning skilja, hvers eðlis hún er.

En þó er þessi stefna skiljanleg og alt að því afsakanleg frá þeirra sjónarmiði. Kommúnistar trúu því, að Íslandi muni til lengdar vegna best, ef hinn alþjóðlegi kommúnismi nái yfirráðum í heiminum, þar á meðal á Íslandi.

Stundaróþægindi, jafnvel eyðingu Íslands og Íslandsbyggðar að verulegu leyti, telja kommúnistar litilsvíði, miðað við sigur hins mikla málefns.

Algerar andstæður

Því verður ekki neitað, að kommúnistar hafa skoðun og sannfæringu, þótt það sje ljót skoðun og hættuleg sannfæring. Hitt verður miklu síður skilið, hvernig þeir stjórnála menn, sem áhrif vilja hafa og alvarlega vilja láta taka sig, geta varið að tvistiga og jafnvel sitja hjá í jafn stórfelldu máli og örlagaríku fyrir Ísland og þessu.

Hagsmunir Íslands kröfðust þessi að Ísland yrði aðili Atlantshafssbandalágsins. Hagsmunir hins alþjóðlega kommúnisma kröfðust þess, að komið yrði í veg fyrir aðild Íslands að bandalági. Þær var um tvennt að velja og valið hlaut að verða svo ótvíraett, að allir

skynibornir menn gætu hiklaust valið.

Það hlaut að vera undir lífskoðunum manna komið, hvorn kostinn þeir tækju. Hitt er óverjandi að hafa enga ákveðna skoðun í slíku máli sem þessu.

Ákvörðun Alþingis

Á Alþingi fór svo í þessu máli sem fleirum, að aðeins tveir flokkar voru óklofnir, Sjálfstæðismenn voru allir með málstað Íslands og samþykktu í einu hljóði þáttöku í Atlantshafssbandalaginu. Kommúnistar voru með málstað hins alþjóðlega kommúnisma og greiddu í einu hljóði atkvæði á móti þáttöku Íslands í bandalaginu.

Mestur hluti Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins voru með íslenska málstaðnum. En hvorugur bar gæfu til að vera óklofinn í þessu meginmáli.

Í Alþýðufloknum voru það að vísu aðeins tveir býingarlitlir og minniháttar þingmenn, sem fyrst reyndu að fleyga málið og greiddu síðan atkvæði á móti því.

Mestu óheilindin

Í Framsóknarfloknum voru fjórir þingmenn óheilir í málinu. Um two þeirra mátti segja, að litlu máli skipti hvorum megin hryggjar þeir lægju að öðru leyti en því, að atkvæði þeirra voru að sjálfsögðu talin með. Páll Þorsteinsson greiddi atkvæði með öllum tilraunum til að fleyga málið og spilla því, en sá að lokum að sjer og samþykkti þáttöku Íslands í bandalaginu. Páll Zophaniasson fylgdi fleygnum og greiddi atkvæði á móti málinu, þegar þeir voru úr sögunni.

Hið ótrúlega bar hins vegar við, að formaður næst stærsta flokks landsins, fyrverandi forsetisráðherra Íslands, Hermann Jónasson, greiddi ásamt Skúla Guðmundssyni fyrst atkvæði með því að fleyga málið og spilla því, og sat síðan að lokum hjá. Hann sagðist að vísu ekki vilja bera ábyrgð á sanniningum en vegna þeirrar afstöðu, sem Framsóknarflokkrinn hefði tekið, vildi hann þó ekki greiða atkvæði á móti sanniningum og valdi því bann kost að greiða ekki atkvæði.

Um þvíliku framkomu formanns næst stærsta flokks þjóðarinnar í mikilsverðasta ör yggismáli hennar, þarf ekki morg orð. Hún er einstök, og einsdæmin eru verst, eins og fyrrvérandi formaður Framsóknarflokksins, Tryggvi Þórhallsson, hafði að orðtaki.

Samvinna við léðraðisþjóðirnar eina ráðið

Óheilindi og tvískinnungur

Lygajórlur þjóð-

viljans heldur áfram

UNDANFARNA daga hefur þjóðviljinn gert sjer leik að því að rangfæra og snúa út úr nokkrum setningum í bæklungi, sem Marshallstofnunin í Washington gaf út fyrir hálfu ári síðan, um efnahagsmál Íslands.

Út af rangfærslum Þjóðviljans í þessu efni lýsti ríkistjórnin því yfir i gær að aðdröttanir Þjóðviljans gagnvart Marshallstofnuninni, um að hún hafi reynt að hindra bygging hinna tíu togara í Englandi og hafi synjað um lán til nýbygginga þessara, sjeu alrangar.

En þrátt fyrir þessu yfirlýsingu frá stjórninni, sem byggðer á augljósum staðreyndum, endurtekur Þjóðviljinn þessar rangfærslur sínar, og reynir enn að skjóta sjer á bak við ummæli í fyrnefndum bæklungi.

En þá er Þjóðviljinn svo óheppinn, að þar sem hann þykist vera að færa rök fyrir máli sínu tekur hann einmitt setningu upp úr bæklungi þessum, sem staðfestir bað, er segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Að gagnrýni á togarakaupum hafi komið fram hjá Efnahagssamvinnustofnun Evrópuþjóða í París, en ekki frá Marshallstofnuninni í Washington.

Þjóðviljinn virðist ekki vita eða ekki vilja vita, að hjer er um tvær ólíkar stofnanir að ræða. Og endurtekur í gær þá fullyrðingu sína, að ríkisstjórnin hafi sókt um lán frá Marshallstofnuninni til togarakaup anna. Ætti það þó að vera auðskilið, að slikt kemur ekki til greina, þar sem togarana á að kaupa í Englandi. Enda hvergi í umræddum bæklungi talað um þá lánbeiðni, sem Þjóðviljinn ræðir um, og aldrei hefur verið til, nema í imyndun þeirra manna, sem yrkja Þjóðviljann daglega.

Sjónvarp i litum.

LONDON — Lit-sjónvarp verður í fyrsta sinni sýnt í Englandi á útvarpssýningunni, sem stendur þar nú yfir.

Þessara manna munu að vísu lengi verða í minnum höfð en komu sem betur fer að lítill sök fyrir aðra en hina seku menn sjálfa.

Yfirgnæfandi meirihluti Alþingis kunni glögg skil á því, hvað þjóðinni er fyrir bestu og þess vegna var málstað hennar tryggður sigur. Er þar með a. m. k. um sinn fengin lausn á þeim hluta sjálfstæðismálsins sem erfiðastur er úrlausnar eðli sínu samkvæmt; Öryggini gegn erlendri áras og vörnum landsins ef til ófriðar kemur.

Enn er þess þó að gæta, að mikil er undir framkvæmd samnings þessa komið og er þeim einum treystandi að fara með hana, sem glöggan skilning hafa á því, hvers virði friður og frelsi er Íslandi og, að þeim gæðum verður ekki haldjóða en ríkisstjórnin. Þeir Kristinn Ármannsson og Jón Gislason bjuggu bindið til prentunar eins og hið fyrra og er frágangur allur hinn vand aðasti.

Í þessu bindi, sem hinu fyrra, eru margar ágætar myndir. T. d. er mynd af Sveinbirni Egilsson, af frummynd, sem er eingi Líðabókakastni. Þá eru sýnishorn af rithönd Sveinbjarnar.

Fjögra ára óstjórn,

segir Churchill

Þjóðnýtingarsíefnan

hefur algerlega mistekist

LONDON, 28. sept. — Winston Churchill var aðalræðumaður stjórnarandstöðunnar. Er umræðum var í dag haldið áfram í breska þinginu um gengislækkun sterlingspundsins.

Churchill rjeðist harkalega á stjórnina, fullyrti meðan annars, að fjármálastefna hennar hefði að lokum haft það i för með sjer, að gengislækkun hefði orðið óhjákvæmi leg.

Churchill sakaði stjórnina fyrir hönd íhalðsflokksins, um fjögra ára efnahagslega óstjórn. Hann bætti því við, að verkalýðsflokkurinn í Bretlandi hefði nú engan rjett til að halda því fram, að hann kæmi fram fyrir og talaði fyrir hönd allra þjóðarinnar.

Í sambandi við gengisfellingu, sem Churchill fullyrti að neydd hefði verið upp á þjóðina á síðasta augnabliki og begar allt annað var óumflýjanlegt, sagði ræðumaðurinn, að framvegis yrði ekki hægt að leggja nokkurn trúnað á yfirlýsingar Sir Stafford Cripps, fjármálaráðherra. Atburðirnir að undanförnu hefðu sýnt það, að hann hefði algerlega breytt afstöðu sinni til gengislækkunar.

Þingmenn ókyrrast

Er líða tók á ræðu Churchills, fóru þingmenn verkalýðsflokkins mjög að ókyrrast. — Hrópuðu þeir hvað eftir annað fram í ræðu hans og urðu háværir, er hann lýsti yfir, að þjóðnýtingarsíefna stjórnarinnar sýndi það betur með hverjum deginum, að hún hefði algerlega mistekist.

Kosningaáróður

Sir Harold Wilson, verslunarmálaráðherra, svaraði fyrir hönd stjórnarinnar. — Hann lýsti ræðu Churchills sem kosningaáróðri.

Ráðherrann fullyrti, að það væri stefna íhalðsflokksins að auka atvinnuleysi og dýrtíð í Bretlandi.

Fyrra bindi af Homerskviðum komið

BÓKAUTGÁFA Menningar-sjóðs hefir nú sent frá sjer fyrra bindið af Homerskviðum — Ilionskviðu, en í fyrra kom út annað hefti sem kunnugt er.

Peir Kristinn Ármannsson og Jón Gislason bjuggu bindið til prentunar eins og hið fyrra og er frágangur allur hinn vand aðasti.

Í þessu bindi, sem hinu fyrra, eru margar ágætar myndir. T. d. er mynd af Sveinbirni Egilsson, af frummynd, sem er eingi Líðabókakastni. Þá eru sýnishorn af rithönd Sveinbjarnar.